

Frá lesendum

Guðrún Svava Svavarsdóttir sýnir í FÍM salnum og lýkur sýningu hennar þann 7. júní. Um sýninguna var Þjóðviljanum send eftirfarandi umsögn:

Hughrif – Umsögn

Landið teygir úr sér, hlykkjast og bylgjast, rís og sígur. Straumar vatns og vinda forma það að vild sinni. Mannsandin líkamast og náttúruöflin togast á um hans guðlega „sjálf“

Pólitískir vindar og strangir lífsstraumar taka að móta „hann“ óspart.

„Land og fólk“ er yfirskrift sýningar í FÍM salnum Garðastræti 6, þessa dagana og ber nafn með rentu.

Myndir Guðrúnar Svövu Svavarsdóttur, kvenlegar, látlausar, ljóðrænar en þrúgnar af ást og huglægri orku, snerta mann djúpt.

Andi ljóðsins er hennar aðalsmerki.

Matthías Ólafsson



Nokkrir meðlimir sýningarnefndar Graphica Atlantica á Kjarvalsstöðum F.v. Sigurður Örylgsson, Ingiberg Magnússon, Eyjólfur Einarsson, Ingunn Eydal og Benedikt Kristjánsson.

Kjarvalsstaðir

Graphica Atlantica

–stærsta myndlistarsýning hérlendis

Um helgina verður opnuð á Kjarvalsstöðum stærsta sýning sem haldin hefur verið hérlendis. Eitt hundrað listamenn sýna um fjögurhundrað grafíkverk



Guðrún Svava Svavarsdóttir

Um helgina verður opnuð á Kjarvalsstöðum ein stærsta myndlistarsýning sem nokkru

sinni hefur verið haldin hér á landi. Er þetta alþjóðleg grafík-sýning og sýna um eitt

hundrað listamenn frá tuttugu og fjórum þjóðlöndum beggja vegna Atlantshafsins um fjögur hundrað grafíkverk. Í tengslum við sýninguna verður einnig haldin alþjóðleg ráðstefna um grafíklist og verður fyrri hluti hennar á Kjarvalsstöðum nú um helgina en síðari hlutinn á Kirkjubæjarklaustri dagana 8. - 11. júní.

Þversnið af þeim stefnum og straumum sem nú eiga sér stað í báðum Atlantshafum. Vegna legu landsins þótti tilvalið að hafa slíka sýningu hér á landi og hafa erlendir listamenn sýnt því mikinn áhuga.

Við val erlendra listamanna á sýningunni var leitað til ólíkra aðila erlendis, svo sem safna, gallería og einstakra listamanna í mörgum löndum og óskað eftir að tilgreindir væru listamenn sem að þeirra áliti gæfu best yfirlit yfir grafíklist beggja vegna Atlantshafsins. Var síðan um 100 listamönnum boðið að sýna þrjú til fimm verk á sýningunni. Vali íslensku þátttakendanna var aftur þannig hátt að öllum listamönnum í félaginu Íslensk grafík og öðrum listamönnum sem vinna í þennan efnivið var boðið að senda inn verk og úr þeim valdi síðan valnefnd þá íslenska listamenn sem taka þátt í sýningunni.

18 Íslendingar eiga verk á sýningunni, listamenn frá öllum Norðurlöndunum ásamt Færeyjum, frá sextán öðrum Evrópulöndum bæði austantjalds og vestan, og einnig frá Bandaríkjunum og Kanada.

Sýningin er sölusýning og kosta verkin allt frá 50 dollurum upp í 3200 dollara. Fyrir sýninguna verður gefin út stór og vönduð sýningarskrá með einni mynd eftir hvern þátttakanda sýningarinnar og ásamt greinum um forsendur sýningarinnar og sögulegt yfirlit grafíklistarinnar.

Á ráðstefnuna koma fjölmargir fyrirlesarar bæði austan um haf og vestan og munu þeir fjalla um stöðu grafíklistar í dag, þróun hennar og framtíð. Allflestir fyrirlesaranna munu sýna litskyggnur með fyrirlestrum sínum.

–ing

Sýningin ber nafnið Graphica Atlantica og má þar kenna þá hugmynd sem að baki hennar og ráðstefnunnar liggur, en hún er sú að kanna hvert stefnið beggja megin N-Atlantshafsins á sviði grafíklistar meðal þeirra aðila sem á einhvern hátt tengjast grafískri listsköpun. Aðstandendur sýningarinnar eru Reykjavíkurborg og félagið Íslensk grafík, og sagði Ingunn Eydal, sem á sæti í sýningarnefndinni, þessa sýningu hafa mjög mikið gildi bæði fyrir íslenska grafíklistamenn og áhugafólk um myndlist. „Hér geta menn borið saman myndlist tuttugu og fjögurra landa á einu bretti og sýningin er sett þannig upp að slíkur samanburður sé sem auðveldastur,“ sagði Ingunn. „Það er einnig ákaflega mikilvægt fyrir listamenn að geta fylgst með því sem er að gerast meðal listamanna annarra þjóða og kynnast öðru listafólki, en í tengslum við sýninguna og ráðstefnuna koma hingað tæplega sjöfju listamenn og fyrirlesarar. Meiningin er líka að reyna út frá sýningunni og ráðstefnunni að efla samtök listafólks, t.d. með skiptisýningum, útgáfu tímarits og þess háttar.“

Graphica Atlantica er yfirlits- og sölusýning sem á að sýna gott

Listasafn ASÍ

Fislétt sumarsýning

Samsýning ellefu listamanna á veggmyndum og skúlptúrum unnum í blandaðan efnivið

Það er sumarsvipur á myndlistarsýningunni sem opnuð verður í salarkynnum Listasafns ASÍ við Grensásveg nú um helgina. Sýningin sem kallast Áning, er samsýning ellefu listamanna sem sýna glerlist, leirlist, textíl, málmsmíði og fatahönnun.

Markmið sýningarinnar er að gefa gestum safnsins tækifæri til að kynnast listgreinum og listamönnum sem ekki eru aðgengileg á söfnum í sama mæli og hefðbundnari listgreinar, svo sem málalíst og höggmyndalist.

Sólveig Georgsdóttir forstöðumaður Listasafns ASÍ segir stjórn safnsins hafa verið sammála um að vera með sýningu sem ólík væri stóru grafík-sýningunni sem er að koma upp á Kjarvalsstöðum. „Þetta er fislétt sumarsýning og verkin mjög mismunandi, enda unnin í ólík efni. Þó kemur á óvart hve verkin eru samstæð, sérstaklega í litaskala, og þetta gefur sýningunni sérstæðan heildarsvip.“

Mikill hluti af gestum safnsins á sumrin eru erlendir ferðamenn og við vildum líka gefa þeim kost á að sjá hve mikil gróska er í þessum listgreinum hér á landi,“ sagði Sólveig.



Nokkrir listamannanna sem sýna í Listasafni ASÍ. F.v. Gestur, Ófeigur, Rúna, Guðný, Sigrún Guðmunds, Guðrún og Ása á bak við leirskúlptúra Guðnýjar.

Eins og áður sagði sýna ellefu listamenn á sýningunni. Ása Ólafsdóttir sýnir myndvefnað, Gestur Þorgrímsson sýnir syru af leirvösum undir nafninu „Rhapsody in Blue“, Guðný Magnúsdóttir sýnir massífa leirskúlptúra, Guðrún Gunnarsdóttir sýnir myndvefnað, Halla Haraldsdóttir sýnir glerglugga, Jens Guðjónsson sýnir járnskúlptúra, sem og Ófeigur Björnsson.

Sigrún Einarisdóttir sýnir skúlptúra úr handunnu gleri, Rúna sýnir veggmyndir úr steinleir og skálar og Sigrún Guðmundsdóttir sýnir fót sem veggskreytingar.

Eins og sjá má er sýningin mjög fjölbreytt og markast af sérstæðu samspili andstæðna og hliðstæðna. Sýningin stendur til 19. júlí.

–ing